

Stjórnarfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla

1. fundur stjórnar 2022-2023, mánudaginn 30. maí 2022

Mætt voru: Pétur Henry Petersen, Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason. Grétar Þór Eyþórsson boðaði forföll. Kristín Færseth ritaði fundargerð.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 16.00.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 8. stjórnarfundar 2021-2022 lögð fram til samþykktar.
2. Verkaskipting stjórnar.
3. Aðalfundur BHM.
4. Kjaraviðræður/samninganefnd.
5. Skipun ad hoc kjörnefndar.
6. Þjónustueiningakerfi.
7. Ferð á fund norrænu háskólafélaganna.
8. Til kynningar – hugmyndir um móttöku nýrra prófessora.
9. Til kynningar – ritstjórnarpistill Nature um tíðarhvörf kvenna.
10. Til kynningar;
 - a. FPR og tæknin.
 - i. Halda annan hvern stjórnarfund á Zoom.
 - ii. Halda opna stjórnarfundi.
 - iii. Fundargerðir á netið.
11. Önnur mál.

1. Fundargerð 8. stjórnarfundar 2021-2022 lögð fram til samþykktar

Farið var yfir fundargerð 8. stjórnarfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Verkaskipting stjórnar

Eftir umræðu um verkaskiptingu stjórnar á þessu starfsári lagði formaður til að Hólmfríður Garðarsdóttir yrði varaformaður og Grétar Þór Eyþórsson gjaldkeri. Þessi tillaga var samþykkt einróma. Meðstjórnendur eru þau Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

3. Aðalfundur BHM

Formaður greindi frá aðalfundi BHM sem haldinn verður á morgun, 31. maí. Á fundinum verða lagðar fram tillögur að lagabreytingum, meðal annars þær að framkvæmdastjórn komi í stað stjórnar bandalagsins og hlutverk þess verður jafnframt skýrt og skerpt. Þá mun formannaráð, sem fer með æðsta vald í málefnum BHM á milli aðalfunda, skipa fulltrúa í fastanefndir. Kynnt var tillaga að ályktun fyrir fundinn um stöðu heilbrigðisstétta.

Aðrar lagabreytingar eru minniháttar. Formaður sat sinn fyrsta formannaráðsfund hjá BHM nýlega. Hann sagði frá þeim málum sem efst eru á baugi þar, meðal annars að í gangi væri vinnustaðauðttekt hjá bandalaginu.

4. Kjaraviðræður/samninganefnd

Formaður og varaformaður félagsins munu skipa samninganefnd ásamt tveimur öðrum. Formaður kom með tillögu um að fá einhvern ungan prófessor til liðs við FPR í kjarasamningviðræður sem fjárfestingu til framtíðar. Þá var einnig rætt um að leita til aðila er hafa setið í kjarnefnd fyrir félagið áður ef á þarf að halda. Engin nánari ákvörðun tekin.

5. Skipun ad hoc kjörnefndar

Samkvæmt breyttum lögum félagsins skal stjórn skipa þriggja manna ad hoc kjörnefnd fyrir aðalfund félagsins 2023. Ákveðið að bíða með að skipa í nefndina.

6. Þjónustueiningakerfi

Formaður lýsti þjónustueiningarkerfi Bandalags háskólamanna, þar sem greitt er fyrir m.a. setu á fundum. Þóknun stjórnarmanna í Félagi prófessora við ríkisháskóla fylgir að nokkru leyti kerfi BHM. Verklagsreglur liggja fyrir.

7. Ferð á fund norrænu háskólafélaganna

Hinn árlegi fundur norrænna háskólafélaga verður haldinn í Kaupmannahöfn dagana 7. – 9. júní nk. Á dagskrá verða umræður um ráðningarkjör akademískra starfsmanna og hvaða breytingar hafa orðið á stjórnun háskólanna. Þá verður kastljósinu beint að akademísku frelsi og spennu þess við háskólayfirvöld. Þá greindi formaður frá því að komið sé að Íslandi að halda fundinn á næsta ári. Ákveðið að kanna hvort aðstaðan á Laugarvatni komi til greina fyrir þennan fund. Þetta samstarf og skipulag er í samvinnu við Félag háskólakennara.

8. Til kynningar – hugmyndir um móttöku nýrra prófessora

Stjórn félagsins hefur til margra ára boðið emerítum til fundar í aðdraganda aðventu. Á þessum fundum er farið yfir helstu mál sl. árs, boðið er upp á kvöldverð og rithöfundu boðið til að kynna bók sína. Formaður viðrar hugmynd sína um að taka á móti nýjum prófessorum með svipuðum hætti. Vel var tekið í það.

9. Til kynningar – ritstjórnarpistill Nature um tíðahvörf kvenna

Í þessum pistli kemur m.a. fram kynbundinn álagsmunur á milli kvenna og karla og að konur á breytingaskeiði sækja síður um framgang en karlar. Einnig var rætt um hægán framgang kvenna almennt og hvort félagið gæti beitt sér með því að hafa samband við t.d. deildarforseta sem oft hafa frumkvæði að því að fólk sækir um framgang.

10. Til kynningar

Undir þessum lið velti formaður upp ýmsum hugmyndum um hvernig stjórnin getur nýtt sér tæknina til þess að opna félagið. Meðal annars var rætt um hvort fleiri fundir eigi að vera á Zoom, félagsfundi á sviðum, hybrid fundi o.fl. Þá var ákveðið að fundargerðir stjórnar verði birtar á heimasíðu félagsins.

11. Önnur mál

Stjórnin ræddi um það hvort fundartímar stjórnar eigi að vera fastir eða fljótandi. Ákveðið að fundir stjórnar skuli almennt haldnir á þriðjudögum kl. 15.-16. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.